

Lög Skólafélags Menntaskólans við Sund

Samþykkt 27.febrúar 2025 á Stjórnlagabingi SMS

Uppfært 20. mars 2025 Aðalfundi SMS



Efnisyfirlit

Almenn ákvæði.....	3
Miðhópur.....	3
Kosningar.....	4
Afsagnir, vantraust og brot á lögum SMS.....	4
Skólafélagsfundir.....	5
Aðalfundir.....	5
Fjármál.....	6
Lög SMS.....	7
Reglugerðir.....	7

Almenn ákvæði

- 1.1. Félagið heitir Skólafélag Menntaskólans við Sund, skammstöfun þess er SMS.
- 1.2. Kennitala þess er 570489-1199.
- 1.3. Heimili og varnarþing SMS er staðsett í Reykjavík.
- 1.4. Félagar SMS eru nemendur Menntaskólans við Sund sem greitt hafa Skólafélagsgjöld.
- 1.5. SMS er meðlimur í Sambandi íslenskra framhaldsskólanema.
- 1.6. Markmið SMS er að halda uppi félagsstarfsemi innan Menntaskólans við Sund, efla kynni og hugsjónir, og standa vörð um hag nemenda Menntaskólans við Sund.

Miðhópur

- 2.1. Miðhópur er skipaður af Ármanni, Ritara, Gjaldkera, Markaðsstjóra og Biskup.
- 2.2. Miðhópur ber ábyrgð á því halda úti fjölbreyttu og lifandi félagslífi fyrir félagsmenn með samvinnu, samheldni, hagsmuni og vellíðan að leiðarljósi gagnvart starfsemi og meðlimum SMS.
- 2.3. Miðhópur ber ábyrgð á rekstri SMS og fer með æðsta ákvörðunarvald innan SMS.
- 2.4. Einungis miðhópur getur ákvarðað um notkun húsnæðis SMS, þó í samráði við skólayfirvöld Menntaskólans við Sund.
- 2.5. Félagsmálastjóri situr fundi miðhóps til ráðgjafar og hefur tillögurétt á fundum.
- 2.6. Allir meðlimir miðhóps ásamt félagsmálastjóra geta boðað til funda miðhóps.
- 2.7. Miðhópur skal strax í upphafi skólaárs fræða nýnema Menntaskólans við Sund um starfsemi SMS, bæði í ræðu sem og riti.
- 2.8. Markaðsstjóri miðhóps er einnig formaður Markaðsráðs.

Kosningar

- 3.1. Kjörstjórn hefur yfirumsjón með kosningum í samráði við félagsmálastjóra. Kjörstjórn er skipuð af miðhópi. Kosningastjóri er formaður kjörstjórnar.
- 3.2. Árnaður SMS skal hafa eftirlit með kosningum í samráði við félagsmálastjóra.
- 3.3. Gæta skal þess að í öllum nefndum sem kosið er í séu fulltrúar frá fleiri en einu kyni.
- 3.4. Kjörgengi og kosningarétt hafa allir meðlimir SMS.
- 3.5. Sami einstaklingur getur einvörðungu boðið sig fram til eins embættis í senn.
- 3.6. Kosningar fara fram rafrænt í gegnum Innu undir umsjón kosningastjóra og stjórnenda MS
- 3.7. Opið skal vera fyrir kosningar á Innu í minnst tvo sólarhringa.
- 3.8. Þjóði einungis eitt framboð fram til embættis þarf samt að kjósa um það og þarf það að hljóta 60% atkvæða til að teljast gilt. Ef framboð nær ekki tilskyldu lágmarki skal auglýsa aftur í embættið að loknum kosningum.
- 3.9. Kærufrestur vegna kosninga rennur út þremur kennsludögum eftir kosningar.
- 3.10. Kjósa skal einstaklinga til embætta miðhóps og formanna. Þau eru Árnaður, Ritari, Gjaldkeri, Markaðsstjóri, Biskup, formaður Femínistafélagsins Blæs, formaður Grautsins, formaður Hagsmunaráðs, formaður Íþróttaráðs, formaður Leikfélagsins Thalíu, formaður Listafélagsins, formaður Málfundafélagsins, formaður Ritnefndar og formaður Skemmtinefndar.
- 3.11. Kosnir eru þrjár einstaklingar til sæta í eftirfarandi nefndum; Femínistafélagið Blær, Grauturinn, Hagsmunaráð, Íþróttaráð, Leikfélagið Thalía, Listafélag, Markaðsráð, Málfundafélagið, Ritnefnd og Skemmtinefnd.
- 3.12. Ef ekkert framboð berst til embættis skal auglýsa embættið laust strax að loknum kosningum. Miðhópur skal ákvarða hvernig skal skipa í nefndina.
- 3.13. Ekki er leyfilegt að auglýsa framboð sitt eða gefa varning fyrir en kosningavika hefst. Varning á ekki að gefa fyrir en á þeim degi sem básar eru settir upp.
- 3.14. Fráfarandi Árnaður skal annast tilkynningu úrslita kosninga SMS.
- 3.15. Alvöru rauntölur eru sýndar frá kosningum.
- 3.16. Brot á reglum SMS, eða Menntaskólans við Sund, getur leitt til þess að framboð til embættis sé ógilt.

Afsagnir, vantraust og brot á lögum SMS

- 4.1 Trúnaðarmaður SMS er félagsmálastjóri skólans og vantrauststillögur skulu berast til hans.

4.2 Láti embættismaður SMS af störfum skulu haldin viðtöl innan tíu kennsludaga sé þess þörf undir leiðsögn félagsmálastjóra.

4.3. Lýsi 15% meðlima SMS eða meirihluti miðhóps vantrausti á hendur embættismanni SMS skal málið tekið fyrir hjá miðhópi, utan þess aðila sem lýst er vantrausti á, ásamt félagsmálastjóra.

4.4 Ef stjórnarmeðlimur brýtur lög eða reglur SMS eða Menntaskólans við Sund á sínu kjörtímabili, er talið að viðkomandi sé ekki hæfur að sitja í stjórn og skal málið tekið fyrir hjá Miðhópi og félagsmálastjóra. Stjórnarmeðlimi getur verið vísað úr stjórn.

Skólafélagsfundir

5.1. Skólafélagsfundir hafa æðsta ákvörðunarvald í málum SMS.

5.2. Fundarstjóri skólafélagsfunda er Ármaður SMS.

5.3. Boðað skal til skólafélagsfundar með minnst eins sólarhrings fyrirvara. Í fundarboði skal taka fram fundarstað, tímasetningu og fundarefni.

5.4. Allir meðlimir SMS ásamt félagsmálastjóra hafa tillögurétt á skólafélagsfundum, eingöngu meðlimir SMS hafa atkvæðisrétt.

5.5. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum um málefni fundarins.

5.6. Atkvæðagreiðslu skal framkvæma með handauppréttingu. Óska má eftir leynilegri atkvæðagreiðslu og skal fundarstjóri verða við þeirri ósk.

5.7. Málefni skólafélagsfundar verða að berast Miðhópi minnst sólarhring fyrir auglýstan fundartíma skólafélagsfundar.

5.8. Skólafélagsfundur er ályktunarhæfur sé löglega til hans boðað og hann sitji minnst 30% meðlima SMS.

5.9. Sé Skólafélagsfundur ólöglegur skulu málefni fundarins fara fyrir næsta löglega skólafélagsfund.

Aðalfundir

6.1. Aðalfundur skal haldinn árlega. Miðhópur SMS skal boða aðalfund a.m.k. 2 vikum áður en hann er haldinn. Í fundarboðinu skal koma fram tímasetning aðalfundar, fundarstaður og dagskrá. Auglýsingar með fundarboði skulu settar upp innan veggja skólans og auk þess á heimasíðu SMS. Það sem koma skal fram á aðalfundi er eftirfarandi:

1. Afhending fundargagna.

2. Setning aðalfundar.

3. Kosning fundarstjóra. Ritari SMS skal rita fundargerð.
4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
5. Viðburðir SMS kynntir.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
7. Lagabreytingar.
8. Önnur mál.
9. Slit aðalfundar.

6.2. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn minnst þremur heilum dögum fyrir aðalfund og skulu þær aðgengilegar félagsmönnum á vef SMS síðustu tvo dagana fyrir aðalfund. Lagabreytingartillaga telst samþykkt fái hún meirihluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Ef engar lagabreytingartillögur koma fram, skulu lög gilda óbreytt fram að næsta aðalfundi eða aukaaðalfundi.

6.3. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nægir til þess að tillaga á aðalfundi nái fram að ganga. Ef atkvæði falla jafnt skal kjósa um hana aftur að umræðu lokinni, ef hún stendur jafnt að öðru sinni er tillagan álitin felld.

6.4. Atkvæðis- og tillögurétt á aðalfundi hafa allir félagsmenn SMS.

6.5. Félagsmálastjóri hefur tillögurétt á aðalfundi SMS.

6.6. Aukaaðalfund skal halda ef meirihluti almennar stjórnar SMS eða þriðjungur félagsmanna SMS fer skriflega fram á það. Sömu reglur gilda um fundarboð aukaaðalfundar og koma fram í grein 5.1. í lögum þessum.

6.7. Sömu lög gilda um aukaaðalfund og aðalfund.

Fjármál

7.1. Allar tekjur SMS skulu renna beint í skólafélagssjóð.

7.2. Öll útgjöld SMS skulu renna úr skólafélagssjóði.

7.3. Einungis gjaldkeri skal hafa aðgang að ávísanareikningi SMS.

7.4. Allar tekjur og gjöld SMS skulu fara um ávísanareikning SMS.

7.5. Miðhópur hefur rétt til að stofna tímabundna reikninga.

7.6. Enginn meðlimur SMS má þiggja fé úr skólafélagssjóði nema í tilfalli endurgreiðslu á fyrirfram heimiluðum útgjöldum.

7.7 Hver sá sem stofnar til útgjalda eða fjárhagslegra skuldbindinga á vegum SMS án leyfis frá gjaldkera skal standa sjálfur undir þeim kostnaði.

Lög SMS

8.1. Lögum SMS skal fylgja í hvívetna.

8.2. Lög þessi öðlast gildi nú þegar og teljast önnur lög sem ekki eru nefnd hér talin úr gildi.

8.3 Miðhópur skal sjá til þess að Lög SMS séu birt opinberlega.

8.4. Miðhópur hefur heimild til að leiðrétta stafsetningar-, málfars-, tilvísunar- og innsláttarvillur í lögum þessum án þess að bera þær breytingar upp fyrir þing enda breytist ekki merking viðkomandi greina.

8.4.1. Séu slíkar breytingar gerðar eru þær auglýstar til félagsmanna og þeim gefinn tveggja vikna frestur til að gera athugasemdir.

8.4.2. Séu athugasemdir gerðar við slíkar lagfæringar skal þeim frestað til næsta aðalfundar.

8.5. Lög SMS taka gildi strax og þeim hefur verið breytt.

Reglugerðir

9.1. Nefndir, ráð og félög mega gera með sér reglugerðir.

9.2. Reglugerðir þessar skulu staðfestar af Miðhóp og birtar meðlimum SMS.

9.3. Reglugerðir þessar mega ekki brjóta í bága við Lög SMS